

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 8. janúar 2021
Tilvísun: OS2020110050/50.6
Verknúmer: 3330300


Efni: Tillaga að viðauka við landsskipulagsstefnu

Orkustofnun vísar til beiðni Skipulagsstofnunar um samráð vegna tillögu að viðauka við landsskipulagsstefnu sem auglýst hefur verið og kynnt á vefsíðunni landsskipulag.is. Orkustofnun fagnar því sérstaklega að við hana sé bætt kafla er fjalli sérstaklega um loftslagsmál og leiti leiða til markvissra aðgerða í þeim málaflokki.

Eins og tekið er fram í greinargerð með 5. kafla um loftslagsmiðað skipulag hefur Ísland undirgengist alþjóðlega samninga og þannig skuldbundist til að leggja lóð sín á vogarskálarnar í baráttunni við loftslagsbreytingarnar með minnkun losunar á gróðurhúsalofttegundum. Í því samhengi telur stofnunin mikilvægt að ekki sé aðeins horft til afmarkaðra svæða um losun hverju sinni heldur að málin séu skoðuð í víðara samhengi. Þannig getur vistvæn orkuframleiðsla og afleidd starfsemi hennar hafi jákvæð áhrif á heimsvísu þótt hún valdi aukinni losun gróðurhúsalofttegunda svæðisbundið, enda sé þetta sameiginlegt verkefni allra og ólíkur grundvöllur og mismiklir möguleikar landanna til þátttöku í verkefninu.

Að öðru leyti hefur stofnunin ekki athugasemdir við tillöguna.

Virðingarfyllst,


Guðni A. Jóhannesson, orkumálastjóri.